



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis  
b. t. Efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2012  
Tilv.: 1201025

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu um beina erlenda fjárfestingu**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 27. jan. sl. þar sem óskað var eftir umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna tillögu til þingsályktunar um stefnu um beina erlenda fjárfestingu (þingskjal 498 – 385. mál, lagt fyrir Alþingi á 140. Löggjafarþingi 2011-2012). Þingsályktunartillagan hljóðar svo:

*„Alþingi ályktar að mikilvægt sé að efla fjárfestingu í íslensku atvinnulífi.*

*Alþingi ályktar að bætt samkeppnishæfni Íslands gagnvart erlendri fjárfestingu og markaðssetning byggð á skýrum markmiðum sé sérstakt viðfangsefni sem leggja beri aukna áherslu á.*

*Alþingi ályktar að íslensk stjórnvöld skuli í því skyni tryggja gagnsæja meðferð mála er varða erlenda fjárfestingu og að gildandi reglur séu jafnan skýrar og ótvíræðar.*

*Alþingi áréttar að enginn vafi leiki á að stjórnarskrá, lög og reglur verji eignarréttindi erlendra fjárfesta á Íslandi með sama hætti og eignir íslenskra ríkisborgara.*

*Alþingi felur stjórnvöldum að sækjast sérstaklega eftir fjárfestingu sem:*

- 1. stuðlar að fjölbreytni atvinnulífs,*
- 2. styður við verndun og nýtingu umhverfis á sjálfbærum grunni,*
- 3. nýtir nýjustu tækni,*
- 4. skapar í gegnum framleiðsluferli sem mestan virðisauka innan lands,*
- 5. skapar hlutfallslega mörg störf og hátt hlutfall verðmætra starfa,*
- 6. stuðlar að eflingu rannsókna og þróunar og öflun nýrrar þekkingar,*
- 7. er arðsöm og skilar hlutfallslega miklum skatttekjum,*
- 8. skapar ný tækifæri eða tækifæri sem talin eru æskileg til að styrkja innlenda starfsemi sem fyrir er.*

*Efnahags- og viðskiptaráðherra og iðnaðarráðherra leggi fyrir vorþing 2012 tímasetta áætlun um aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðu Íslands og efla*



*markaðs- og kynningarstarf í því skyni. Þá verði mótaðar tillögur um samhæfða stjórnarsýslu til að styðja við framangreind markmið."*

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, sbr. 1. gr. laga nr. 44/2005. Markmiðinu skal ná með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Samkeppniseftirlitið telur að umrædd þingsályktunartillaga sé í samræmi við markmið samkeppnislaga og að mikilvægt sé að setja skýra stefnu varðandi beinar erlendar fjárfestingar til að efla megi frekar virka samkeppni. Með skýru regluverki varðandi beinar erlendar fjárfestingar er jafnframt stuðlað að stöðugleika og gegnsæi sem Samkeppniseftirlitið telur mikilvægt í uppbyggingu efnahagslífsins. Telur eftirlitið að með því megi styrkja samkeppnisstöðu Íslands á alþjóðavettvangi auk þess að örva innlenda fjárfestingu sem er ekki síður mikilvæg fyrir efnahagsþróun hér á landi.

Samkeppniseftirlitið telur mikilvægt að samkeppnissjónarmið séu höfð til hliðsjónar við setningu slíkra reglna og við stefnumótun varðandi beinar erlendar fjárfestingar. Samkeppniseftirlitið vill í því skyni vísa til skýrslu sinnar nr. 2/2008 *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, þar sem m.a. er bent á leiðir sem opinberir aðilar geta gripið til í því skyni að opna markaði og viðhalda samkeppni.<sup>1</sup> Fjallað er um nýsköpun og frumkvöðla, þar sem dregnar eru á sama hátt fram helstu hindranir og bent á aðgerðir til úrbóta sem efla samkeppni á 15 mikilvægum samkeppnismörkuðum. Í skýrslu eftirlitsins nr. 2/2011 *Samkeppnin eftir hrun* er greint frá því hvernig gengið hefur að ryðja þeim hindrunum úr vegi og hvaða hindranir eru enn til staðar.

Hefur Samkeppniseftirlitið jafnframt lagt áherslu á að stjórnvöldum beri að meta fyrirfram hvaða áhrif ráðstafanir þeirra hafa á samkeppni, sbr. álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009 *Samkeppnismat stjórnvalda*. Er í því álitni mælt til þess við forsætisráðherra að hann stuðli að því að stjórnvöldum verði gert skylt að framkvæma staðlað samkeppnismat í tengslum við undirbúning að setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Telur eftirlitið að með því megi stuðla að því að markaðir opnast eða haldist opnir og þannig verði komið í veg fyrir óþarfar opinberar aðgangshindranir, þ.e. hindranir nýrra fyrirtækja við að komast inn á nýja markaði eða vaxa við hlið stærri fyrirtækja. Í álitinu kemur einnig fram að Samkeppniseftirlitið teldi mikilvægt að við endurskoðun á Handbók um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa yrði bætt við sérstökum kafla um samkeppnismat.

Rannsóknir hafa ennfremur sýnt að virk samkeppni er mikilvæg til þess að hraða efnahagsbata og mynda grundvöll fyrir atvinnusköpun og hagsæld. Kemur þetta fram í skýrslu sem norrænu samkeppniseftirlitin gáfu út haustið 2009 um samkeppni og kreppur; *Competition Policy and Financial Crises – Lessons Learned and the Way Forward*. Í skýrslunni kemur þannig fram að fjármálakreppur fyrri tíðar sýna að aðgerðir sem miða að því að viðhalda og efla virka samkeppni stuðli að því að þjóðir vinni sig

---

<sup>1</sup> Skýrslan, sem og aðrar skýrslur og álit sem vísað er til í erindi þessu, eru aðgengileg á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins; [www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is)



hraðar en ella upp úr efnahagslægðum. Er þar einnig fjallað um tengslin milli samkeppni, nýsköpunar og hagvaxtar. Telur Samkeppniseftirlitið því að skýr stefnumótun varðandi beinar erlendar fjárfestingar geti haft jákvæð áhrif á samkeppni og stuðlað að efnahagsbata.

Að lokum þakkar Samkeppniseftirlitið fyrir tækifærið til að koma á framfæri sínum sjónarmiðum á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

Sonja Bjarnadóttir